



Reykjavík, 19. september 2024

MSS24090023

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ástæður þess að búið er að samþykka uppbyggingu á Jöfursbás 1 án þess að leiðrétting hafi farið fram á gatnagerð þar sem landslagsbreytingar sem gerðar voru uppfylla ekki skilyrði samkvæmt skipulagslögum og reglugerðum. Þess utan passar gatnagerð ekki við lóð Loftkastalans sem er 60 cm. of há. Vísað er til 35. liðar fundargerðar afgreiðslufundar byggingarfulltrúa dags. 27. ágúst sl. (USK24040310)

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs var samþykkt leyfi til að byggja fjögur 4-6 hæða fjölbýlishús, með 83 íbúðum, atvinnurýmum á tveimur hæðum í vesturenda, á bílakjallara með 35 stæðum sem tengist aðliggjandi bílakjallara (Jöfursbás 3) og verða innkeyrsla og flóttaleiðir samnýttar á lóð nr. 1 við Jöfursbás. Þetta er samþykkt þó enn hafi ekki fengist lausn á máli Loftkastalans. Það er ekki búið að leiðrétta gatnagerð því landslagsbreytingar sem gerðar voru uppfylla ekki skilyrði samkvæmt skipulagslögum og reglugerðum. Það hlýtur jú að vera þannig að eignarréttur sé friðhelgur og að Reykjavíkurborg hafi ekki heimild til að breyta hæð á lóðarmörkum nema með samþykki lóðarhafa.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa, dags. 18. september 2024.

Svar:

Umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingarleyfisskyld mannvirki á lóðinni Jöfursbás 1 var samþykkt 27. ágúst sl. (USK24040310) þar sem umsókn samræmist ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010 og er í samræmi við gildandi deiliskipulag.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
*Umhverfis- og skipulagssvið
byggingarfulltrúi*



Reykjavík